

# Helgin framundan



■ Tvær gleðikvennanna úr Gísl: Coletta (Guðrún Gísladóttir) og Meg (Margrét Helga Jóhannsdóttir).



## Bingó

Stórglæsilegt bingó verður haldið í Sjálfstæðishúsinu Hamraborg 1 í Kópavogi, laugardaginn 9. mars kl. 14.30.

Mætið tímanlega til að ná í spjöld. Vonumst til að sjá sem flesta. Stórglæsilegir vinningar í boði. Fjáröflunarnefnd kirkjufélags Digranesprestakalls

### Leikfélag Reykjavíkur:

## Þrjú leikrit um helgina

### Agnes - barn Guðs

■ Í kvöld (föstudagskvöld) er bandaríska verðlauna-leikritið Agnes - barn Guðs sýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Guðrún Gísladóttir leikur aðalhlutverkið, en einnig leika þær Sigríður Hagalín og Guðrún Ásmundsdóttir. Þórhildur Þorleifsdóttir er leikstjóri.

### Dagbók Önnu Frank

■ Á laugardagskvöldið er Dagbók Önnu Frank sýnd, en leikritið hefur gengið frá því snemma í haust. Leikstjóri er Hallmar Sigurðsson. Guðrún Kristmannsdóttir hefur hlotið mikið hrós fyrir leik sinn sem Anna Frank. Guðbjörg Thoroddsen hefur tekið við hlutverki Margrétar, systur hennar. Foreldrana leika Sigurður Karlsson og Valgerð-

ur Dan, en alls koma 10 leikarar fram í sýningunni.

### 75. sýning á Gísl Orfáar sýningar eftir

■ Á sunnudagskvöldið er 75. sýning á Gísl eftir Brendan Behan í þýðingu Jónasar Árnasonar en leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Aðeins eru nú eftir örfáar sýningar á leikritinu. Jóhann Sigurðsson leikur gíslinn, en mikill fjöldi leikara syngja, leika og dansa í leikritinu.

### Draumur á Jónsmessunótt

■ Nýjasta viðfangsefni Leikfélags Reykjavíkur er Draumur á Jónsmessunótt. Það leikrit verður næst sýnt á þriðjudag og fimmtudag. Uppselt hefur verið á allar sýningar til þessa.

## Sýningar Alpýðuleikhússins

### Klassapiur

■ Alpýðuleikhúsið sýnir um helgina leikritið Klassapiur í Nýlistasafninu við Vatnsstíg. Á sunnudag kl. 20.00 verður 8. sýning á leikritinu. Miðapantanir í síma 14350 og miðasala er milli kl. 17.00 og 19.00.

### Beisk tár Petru von Kant Síðasta sýningarhelgi

■ 50. sýning á leikritinu Beisk tár Petru von Kant laugardag kl. 15.00, 51. sýning verður sunnudag kl. 16.00 og 52. sýning mánudag kl. 20.30. Sýnt er að Kjarvalsstöðum. Miðapantanir í síma 26131.

### Sýning í Nýlistasafninu

Föstudaginn 8. mars opnar Georg Guðni Hauksson málverkasýningu í Nýlistasafninu Vatnsstíg 36. Þetta er fyrsta einkasýning hans, en áður hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum. Sýningin verður opin virka daga kl. 16-20 og um helgar kl. 16-20. Sýningunni lýkur 17. mars.

### Kim Småge gestur í Norræna húsinu

Á laugardag 9. mars kl. 15.00 kynnir norski sendikennarinn, Tor Ulset, nýjar norskar bækur í Norræna húsinu í samvinnu við bókasafn þess. Þetta er önnur bókmenntakynningin af fjórum, sem haldnar verða í mars.

Gestur á þessari norsku bókmenntakynningu verður rit höfundurinn Kim Småge. Hún er fædd og uppalin á vesturströnd Noregs og starfar sem framhaldsskólakennari í Álasundi. Auk þess er hún kafari - fyrsti köfunarkennari Noregs - og í verkum hennar endurspeglast vesturströndin og veröld kafaranna.

Kim Småge hefur fengið bókmenntaverðlaun og bækur hennar fengið mjög góðar viðtökur.

Kynningin hefst kl. 15.00 og allir eru velkomnir.



■ Rut Rebekka á vinnustofu.

## Síðasta sýningarhelgi sýningar Rutar Rebekku Sigurjónsdóttur

■ Nú stendur yfir sýning Rutar Rebekku Sigurjónsdóttur að Kjarvalsstöðum, en henni lýkur sunnudaginn 10. mars.

Á sýningunni eru 44 verk,

málverk og grafík. Rut Rebekka stundaði nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík og Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Er útskrifuð 1982. Hún hefur dvalist í gistivinnu-

stofu í Danmörku á vegum Nordisk Kunstcenter 1984. Rut Rebekka hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í samsýningum.

## Sýningar í Þjóðleikhúsinu hefjast á ný

■ Sýningar hefjast á ný í Þjóðleikhúsinu að kvöldi laugardags 9. mars og verður þá 67. sýning á söngleiknum **Gæjum og píum** eftir Loesser, Swerling og Burrows.

Sunnudaginn 10. mars verður sýning á barnaleikritinu **Kardemommubænum** eftir Thorbjörn Egner kl. 14.00.

Sunnudaginn verður síðan 6. sýning á **Rashomon** eftir Fay og Michael Kanin og á Litla sviðinu verður **Gertrude**

**Stein Gertrude Stein Gertrude Stein**, eftir Marty Martin sýnt 20.30.

Fyrirhugað var að miðasala hæfist á þessar sýningar fimmtudaginn 7. mars og var búið að auglýsa það, en nú er ljóst af því hversu fyrirferðarmikið þing Norðurlandaráðs er, að miðasala getur ekki hafist fyrr en kl. 16.00 föstudaginn 8. mars og eru leikhúsgestir þeirri velvirðingar á þessu.

### Kvikmyndaklúbburinn Norðurljós sýnir í Norræna húsinu

Sunnudaginn 10. mars kl. 16.00 (kl. 4) sýnir kvikmyndaklúbburinn Norðurljós dönsku gamanmyndina „Stövsugerbanden“ frá 1963. Í aðalhlutverkum eru Clara Pöntoppidan, Henrik Benzon, Gunnar Lauring, Henning Moritzen o.fl. Leikstjóri er Bent Christensen. Myndin er svart-hvít, með dönsku tali og sýningar-tími er 100 mínútur.


Sýnt verður í fundarsal Norræna hússins og gilda aðgangskort kvikmyndaklúbbs-

ins frá því í haust á sýninguna. Einnig verður hægt að kaupa miða við innganginn.

Næsta sýning á vegum kvikmyndaklúbbsins verður sunnudaginn 31. mars og verður þá sýnd kvikmyndin „Don Olsen kommer til byen“ frá 1964.

### Félagsvist Húsvetningafélagsins

Húsvetningafélagið í Reykjavík verður með félagsvist sunnudaginn 10. mars kl. 16.00 að Skeifunni 17, Fordhúsinu. Góð verðlaun verða í boði, en stjórnandi vistarinnar er Ingi Tryggvason.



■ Frá sýningu Kristjónu Samper.

## Skúlpúrsýningu Kristjónu Samper lýkur um helgina

■ Á þriðja þúsund manns hafa þegar skoðaða sýningu Kristjónu Samper að Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 24 verk, flest unnin í leir á s.l. tveim árum.

Kristjana stundaði nám við Myndlistaskólann í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og University of Arizona í Bandaríkjunum.

Sýning Kristjónu er opin frá kl. 14.00-22.00 og lýkur sunnudaginn 10. mars.